

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, dreifistöð raforku við Síðubraut.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, hefur Skipulagsstofnun þann 4. maí 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 frá 15. desember 2006.

Breytingin tekur til landnotkunar á gatnamótum Hlíðarfjallsvegur og Síðubrautar þar sem sett er inn tákn fyrir lítið iðnaðarsvæði í stað óbyggðs svæðis. Á svæðinu verður reist dreifistöð fyrir raforku sem einkum mun þjóna iðnaðarsvæði á Rangárvöllum og landnotkunarsvæðum í Hlíðarfjalli. Einnig er mörkum þéttbýlisins breytt þannig að það stækkar til vesturs um 1,3 ha þannig að iðnaðarsvæðið verður innan þéttbýlis.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við ný skipulagslög nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 5. maí 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.